

## 6. gr.

Höfuðstólinn má ekki skerða og skal geyma hann tryggilega í íslenskum ríkisbönkum, ríkisskuldabréfum eða öðrum tryggum verðbréfum.

## 7. gr.

Við hinn upprunalega höfuðstól, krónur 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —, bætast gjafir, sem sjóðnum hlotnast eða hann fær í arf frá áhugasömum vinum.

## 8. gr.

Óhjákvæmileg útgjöld vegna starfsemi sjóðsins (burðargjöld, prentun o. s. frv.) má taka af árlegum vöxtum.

## 9. gr.

Ef til þess kæmi, að sjóðurinn gæti ekki starfað lengur samkvæmt tilgangi sínum (sbr. 3. og 4. gr.), skal hann lagður niður og höfuðstól hans og öðrum eignum skipt jafnt milli æskulýðsstarfs íslenzku, lúthersku kirkjunnar, elliheimilis og blindraheimilis. Skulu þau framlög nefnd: „Minningargjöf Ingibjargar Ólafsson“.

## 10. gr.

Ofanskráðum ákvæðum má ekki breyta.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1962.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti. Sjóðurinn er stofnaður 3. október 1961 af foreldrum Odds, Ólöfu Oddsdóttur og Tryggva Guðlaugssyni í Lónkoti í Sléttuhlíð, Skagafjarðarsýslu.

Oddur Steingrímur Tryggvason fæddist í Siglufirði 19. marz 1935 og lézt af slysförum í Lónkoti 9. júní 1959.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — og er hann eign Gagnfræðaskóla Siglufjarðar.

## 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum eða öðrum leiðum til fjáröflunar.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega verðlaun þeim nemanda, sem skarar fram úr í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar í ástundun og dugnaði við nám, háttprýði og reglusemi.

Verðlaunin skulu vera bækur, einhver góður gripur eða peningar. Skal til þess varið öllum vaxtatekjum sjóðsins.

Verðlaun þessi skal afhenda á dánardegi Odds þann 9. júní, eða við skólaslit vor hvert, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri Gagnfræðaskóla Siglufjarðar, og er hann formaður stjórnarinnar, sóknarpresturinn í Siglufirði og yfirkennari skólans, eða sá kennari, sem gegnir störfum skólastjóra í forföllum hans.

Stjórn sjóðsins velur árlega þann nemanda, sem verðlaun skal hljóta.

Hún sér enn fremur um, að árlega sé gerður reikningur sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af endurskoðendum Siglufjarðarkaupstaðar.

#### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um aðstöðugjald.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn skal hafa tekið ákvörðun um innheimtu gjaldsins og tilkynnt hana skattstjóra eigi síðar en 15. dag febrúarmánaðar á gjaldárinu.

Í tilkynningu til skattstjóra skal tilgreina gjaldflokka og fjárhæð gjalds í hverjum flokki.

#### II. KAFLI

##### Um gjaldskyldu.

#### 3. gr.

Gjaldskyldir eru allir atvinnurekendur, einstaklingar, félög og stofnanir svo og þeir, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, sbr. þó 4. og 5. gr.

#### 4. gr.

Nú rekur gjaldskyldur aðili sjálfstæða atvinnu frá heimilisfastri atvinnustöð utan heimilissveitar sinnar og má þá heimilissveitin ekki krefja hann um aðstöðugjald af þeirri starfsemi.

Hins vegar er sveitarfélaginu þar, sem atvinnan er þannig rekin eða stunduð, heimilt að krefja þá, sem heimilisfastir eru utan sveitarinnar, þar með taldir erlendis búsettir aðilar, um aðstöðugjald vegna slíkrar starfsemi skv. því, sem ákveðið er í 8. gr., sbr. þó 5. gr.